



Aðalfundur Ungmennafélagsins Aftureldingar 2017.

Haldinn í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ þann 30. mars 2017.

Dagskrá

1. Fundarsetning
2. Skýrsla formanns
3. Ársreikningur
4. Fjárhagsáætlun
5. Lagabreytingar
6. Heiðursviðurkenningar
7. Kosningar
8. Önnur mál

1. Fundarsetning

Í fjarveru formanns, Dagnýjar Kristinsdóttur, setti Birna Kristín Jónsdóttir, gjaldkeri félagsins, fundinn klukkan 18 og bauð fundargesti velkomna til fundarins. Lagði hún til að Hafsteinn Pálsson yrði kjörinn fundarstjóri og Anna Sigríður Guðnadóttir fundarritari sem samþykkt var með lófataki.

2. Skýrsla formanns

Birna Kristín flutti skýrslu formanns fyrir liðið starfsár sem lá frammi á fundinum í ársskýrslu félagsins. Kom fram í máli hennar að aðalstjórn hafi fundað 10 sinnum á árinu og formannafundur hafi verið þrjár talsins. Indriði Jósafatsson lét af störfum framkvæmdastjóra í október og við starfinu tók tímabundið Kjartan Reinholdsson. Undir árslok var nýr framkvæmdastjóri ráðinn, Jón Júlíus Karlsson, sem hóf störf þann 2. janúar 2017. Ester Sveinbjarnardóttir, verkefnisstjóri fjármála, lét síðan af störfum þann 20. mars síðastliðinn þannig að Vilborg Jónsdóttir er eini starfsmaður skrifstofu frá fyrra ári sem verður enn við störf á nýju starfsári. Verkaskipting á skrifstofu hefur verið endurskoðuð þannig að hér eftir mun framkvæmdastjóri sinna fjármálum deildanna og auglýst hefur verið eftir íþróttafulltrúa.

Þá kom fram í skýrslu formanns að stefnubreyting varð í upphafi árs 2017 varðandi áherslur í uppbyggingu knattspyrnusvæðis. Fyrri stefnumótun var breytt þannig að fallið var frá áherslu á byggingu knattspyrnuhúss og áherslan lögð á endurgerð gervigrasvallar, byggingu seglhúss yfir

litla gervigrasið ásamt fleiri umbótum, s.s. búningsklefa. Kom fram að nú er beðið eftir kostnaðargreiningu bæjaryfirvalda á verkefninu og ákvörðun um framhaldið.

Á árinu var gerður samstarfssamningur við samtökin Erindi um ráðgjöf og fræðslu varðandi hugsanlegan samskiptavanda sem komið gæti upp innan flokka eða deilda. Aðalstjórn hefur beint einu erindi frá deild innan félagsins til samtakanna.

Liðið starfsár var það fyrsta sem unnið var samkvæmt nýrri tilhögun Uppskeruhátíðar. Hver deild hélt eigin hátíð í lok tímabils. Íþróttakonur og -menn félagsins voru síðan útnefnd við hátíðlega athöfn í Hlégarði þann 2. janúar síðastliðinn. Fram kom í skýrslu formanns að athygli hafi vakið hversu fáir formenn og stjórnarmenn deilda voru viðstaddir athöfnina. Thelma Dögg Grétarsdóttir og Árni Bragi Eyjólfsson hlutu sæmdarheitin íþróttakona og íþróttamaður Aftureldingar.

3. Ársreikningar 2016

Birna Kristín Jónsdóttir, gjaldkeri aðalstjórnar, kynnti ársreikninga félagsins sem birtir eru í ársskýrslu þess. Niðurstöðutölur eru:

Rekstrartekjur	252.695.541
Rekstrargjöld	251.862.388
Hagnaður án fjármagnsliða	833.153
Fjármunatekur og fjármagnsgjöld	165.527
Hagnaður	998.680

Efnahagsreikningur:

Eignir samtals	20.202.163
Skuldir og eigið fé	20.202.163

Fundarstjóri gaf orðið laust til umræðu um skýrslu formanns og ársreikninga. Spurt var um samstæðureikning. Fram kom að hann er ekki gerður. Fundarstjóri beindi því til framkvæmdastjóra og stjórnar að skoða það mál.

Fundarstjóri bar reikningana upp til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða.

4. Fjárhagsáætlun 2017.

Jón Júlíus Karlsson, framkvæmdastjóri félagsins, kynnti fjárhagsáætlun aðalstjórnar. Gert er ráð fyrir tekjum upp á kr. 260.826.550 og gjöldum upp á kr. 260.803.550 Fjárhagsáætlun er birt í ársskýrslu félagsins sem lá frammi á fundinum.

Fundarstjóri gaf orðið laust vegna fjárhagsáætlunarinnar. Enginn kvaddi sér hljóðs og var áætlunin samþykkt samhljóða.

5. Lagabreytingar

Engar tillögur til lagabreytinga lágu fyrir fundinum.

6. Heiðursviðurkenningar

Varaformaður og framkvæmdastjóri afhentu brons- og silfurmerki félagsins.

Brons:

Guðmundur Birgisson	handbolti
Sigurjón Gunnlaugsson	handbolti
Alma Ragnarsdóttir	karate
Anna Olsen	karate
Ása Dagný Gunnarsdóttir	þorrablótsnefnd
Bylgja Bára Bragadóttir	þorrablótsnefnd
Helga Sævarsdóttir	þorrablótsnefnd
Jón Smári Pétursson	þorrablótsnefnd
Oddný Þóra Logadóttir	þorrablótsnefnd
Svanþór Einarsson	þorrablótsnefnd
Thelma Dögg Haraldsdóttir	þorrablótsnefnd
Vilborg Jónsdóttir	þorrablótsnefnd

Silfur:

Pórey Björg Einarsdóttir	blak
Steinn Guðni Einarsson	blak
Helena Sveinbjarnardóttir	handbolti
Ingimundur Helgason	handbolti
Leifur Guðjónsson	handbolti
Arnar Þór Björgvinsson	karate
Valdimar Leó Friðriksson	aðalstjórn

6. Kosningar.

Dagný Kristinsdóttir var endurkjörin formaður.

Stjórnarkjör:

Einar Grétarsson, sem kjörinn var til tveggja ára í fyrra, hverfur nú úr stjórn og í hans stað er kjörinn Kjartan Reinholdsson til eins árs.

Tveir stjórnarmenn til tveggja ára. Birna Kristín Jónsdóttir og Geirarður Long gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Engar aðrar tillögur bárust og skoðast þau réttkjörin.

Varamaður til tveggja ára. Tillaga um Sigurð Rúnar Magnússon. Engar aðrar tillögur bárust og skoðast hann rétt kjörinn.

Skoðunarmenn reikninga voru kjörnir Helga Jóhannesdóttir og Valdimar L. Friðriksson. Skoðunarmaður deilda var kjörinn Valdimar L. Friðriksson.

7. Önnur mál.

Fundarstjóri gaf Haraldi Sverrissyni, bæjarstjóra orðið. Bæjarstjóri þakkaði gott og ánægjulegt samstarf félagsins og bæjaryfirvalda og ræddi mikilvægi Aftureldingar fyrir bæjarlífið. Óskaði nýkjörinni stjórn til hamingju með kjörið og nýráðnum framkvæmdastjóra með starfið. Bæjarstjóri gerði að sérstöku umtalsefni aðstöðumál og stefnubreytingu félagsins varðandi fjölnota íþróttahús. Ræddi að starfshópur bæjaryfirvalda og félagsins hefði á sínum tíma lagt mikla vinnu í að skoða málið og komist að þeirri niðurstöðu að umrætt hús væri skynsamlegast að reisa að Varmá ef af yrði og að kostnaður við það myndi nema um einum milljarði króna. Á þeim tímamarki réði bærinn ekki við þannig fjárfestingu og því var farið að skoða hugmyndir um einkaframkvæmd. Við það fyrirkomulag væru bæði kostir og gallar. Megin gallar væru að

Afturelding hefði einungis afnot af 30-40% af tímum í húsinu og að gervigrasvöllurinn færi undir húsið. Lítið gerðist í málinu og um áramót hafði bæjarstjóri samband við formann félagsins til að heyra hvort félagið stæði enn að baki fyrri stefnu. Upplýsti formaður þá um að innan félagsins hefði verið umræða um hugsanlega stefnubreytingu og úr varð að félagið kynnti breytta stefnu fyrir bæjarstjóra í janúar eins og fram kemur í skýrslu formanns. Bæjarstjóri ræddi mögulegar útfærslur og nefndi að hugsanleg kostnaðaráætlun fyrir nýtt gervigras og lítið knatthús gæti verið u.þ.b. 300 milljónir en nákvæm kostnaðargreining stendur yfir. Að henni lokinni komi til kasta bæjarráðs og bæjarstjórnar um ákvörðun um framhaldið.

Þá ræddi bæjarstjóri einnig að samstarfssamningar við tómsfundafélög í bænum renni út um næstu áramót og að ákjósanlegt væri að hafa tilbúinn viðræðuramma í haust.

Framkvæmdastjóri félagsins, Jón Júlíus Karlsson, steig næst í pontu. Hann þakkaði bæjarstjóra fyrir að fara yfir hvað væri helst á döfinni varðandi uppbyggingu. Eitt hefði bæjarstjóri þó ekki nefnt og það væri félagsaðstaðan sem oft væri búið að lofa félaginu. Varpaði framkvæmdastjórinn fram þeirri hugmynd að setja upp frísundasel í tengslum við félagsaðstöðu sem myndi nýtast vel börnum sem iðka íþróttir hjá félaginu. Þá sagðist framkvæmdastjóri hlakka til að vinna að endurnýjun samninga við bæjaryfirvöld, margt gott væri gert en sannarlega tækifæri til að gera ýmislegt betur. Framkvæmdastjóri lýsti ánægju sinni með að félagið fari í stefnumótunarvinnu til næstu 5 ára nú í vor. Margar deildir hafi sent inn ábendingar varðandi aðstöðumál, t.d. blakdeildin, en í stefnumótuninni muni forgangsröðun félagsins sem einnar heildar koma í ljós.

Guðrún Kristín Einarsdóttir, Gunna Stína formaður blakdeildar, kvaddi sér hljóðs og vildi ræða þrjú atriði. Þakkaði bæjarstjóra gott innlegg varðandi aðstöðumál en benti á að hann hafi ekkert nefnt sal 3, blaksalinn, en þar sé gólfíð ónothæft og ekki boðlegt fyrir besta blaklið landsins. Atriði númer tvö var að minna viðstadda á að Afturelding ætti í fyrsta sinn bæði karla- og kvennalið í "Final Four" í Höllinni um þar næstu helgi og hún hvatti alla til að mæta og styðja okkar fólk. Þriðja atriðið og aðalmálið væri Mosöld 2017, öldungamótið í blaki sem er stærsti íþróttaviðburður landsins ætlaður fullorðnum. Til leiks eru skráð 167 lið og spilað verður að Varmá, í Lágafelli og að Reykjalundi en leit stendur yfir að einum sal í viðbót. Aðrar deildir verði með fjáröflun í tengslum við mótið, dagskrá verði bæði á Hvíta og í Hlégarði. Er þetta í þriðja sinn sem mótið er haldið í Mosfellsbæ og bærinn njóti góðs af þeirri athygli sem beinist að mótinu.

Valdimar Leó Friðriksson formaður UMSK tók til máls og flutti kveðju frá UMSK. Hvatti Aftureldingu til að leita til UMSK, þar væri mikil þekking og reynsla til staðar. Minnti á að afrekssjóður UMSK sé fyrir þá sem keppa á erlendri grundu og þjálfara sem þurfi að fara á námskeið erlendis. Þá minnti hann á Unglingalandsmót sumarsins sem verður haldið á Egilsstöðum um verslunarmannahelgina. Þá bar hann fundinum kveðju Indriða Jósafatssonar fyrrverandi framkvæmdastjóra.

Ingi Jón Gunnarsson, formaður frjálsra, kvaddi sér hljóðs og vildi koma því á framfæri að hann teldi það mikið gæfuspor að fara ekki í einkaframkvæmd með fjölnota íþróttahús. Benti enn fremur á að skoða þurfi hvernig félagið sjái fyrir sér Varmárvöll til framtíðar.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs. Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum fundarsetu fyrir hönd starfsmanna fundarins, sleit fundi klukkan 19:21 og óskaði mönnum góðrar heimferðar.

Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir.